

STOFNFUNDARGERÐ.

Stofnfundur Samtaka áhugafólks um Betri byggð á Kársnesi.

Miðvikudaginn 27.júní 2007 kl. 20:30 var í húsnæði Kaffibúðarinnar að Hamraborg 3 í Kópavogi haldinn stofnfundur samtaka áhugafólks um betri byggð á Kársnesi. Tilfni stofnunar samtakanna eru nýlegar skipulagshugmyndir Kópavogsbæjar á Kársnesi og var öllum einstaklingum sem sendu inn athugasemdir um skipulagið boðið til fundarins.

Dagskrá stofnfundarins var ákveðin sem hér segir.

1. Betri byggð á Kársnesi – framsaga Örnú Harðardóttur íbúa á Kársnesi.
2. Nei takk! - framsaga Þórarins Ævarssonar íbúa á Kársnesi.
3. Kaffihlé og kynning á drögum að samþykktum samtakanna.
4. Stofnun samtakanna Betri byggð á Kársnesi
5. Stjórnarkjör
6. Önnur mál.

Fundurinn hófst á því að Arna Harðardóttir tók til máls, bauð fundarmenn velkomna og gerði tillögu um að Halldór Birgisson hrl. yrði skipaður fundarstjóri fundarins sem var samþykkt og tilnefndi fundarstjóri Björn Skúlason sem fundarritara. Fundarstjóri fór yfir dagskrá fundarins og sagði frá því að á fundinum myndi ganga listi sem þeir gætu skráð sig á sem gerast vildu stofnfélagar í samtökunum. Því næst var gengið til dagskrár.

Fyrst tók til máls Arna Harðardóttir sem fór í gegnum tilurð þess að hugmynd af samtökunum fæddist. Fór yfir þróun mála um vinnu Kópavogsbæjar að gerð rammaskipulags. Arna fór einnig yfir samantekt athugasemda sem sendar voru inn af íbúum í Kópavogi við fyrirhugað framtíðarskipulag Kársness sem kynnt var í salnum í desember 2006.

Þá tók til máls Þórarinn Ævarsson sem fjallaði um ástæður þess að hann setti upp borða fyrir framan heimili sitt að Kársnesbraut sem varð kveikjan af því að samtökin voru stofnuð.

Í kaffihléi lét fundarstjóri samþykktir ganga og hvatti fundarmenn til þess að kynna sér þær og skrá sig í samtökin. Eftirtaldir einstaklingar gerðust stofnfélagar í samtökunum á fundinum;

| Nafn | Heimilisfang |
|-------------------------|---------------------|
| Anna Hallgrímsdóttir | Þinghólsbraut 71 |
| Arna Harðardóttir | Marbakkabraut 22 |
| Auðbjörg Halldórsdóttir | Huldabraut 32 |
| Auður Eiríksdóttir | Þinghólsbraut 69 |
| Axel A. Björnsson | Kársnesbraut 35 |

| | |
|-----------------------------|---------------------|
| Axel Kvaran | Marbakkabraut 8 |
| Baltasar Samper | Pinghólsbraut 57 |
| Barbara Ösp Ómarsdóttir | Kársnesbraut 11 |
| Björn Skúlason | Kársnesbraut 107 |
| Bryndís Skúladóttir | Kársnesbraut 95 |
| Edda Björk Sævarsdóttir | Marbakkabraut 12 |
| Eggert Matthíasson | Pinghólsbraut 78 |
| G. Óttar Sigurðsson | Pinghólsbraut 69 |
| Guðrún Lilja Eysteinsdóttir | Ásbraut 17 |
| Gunnar Gylfason | Pinghólsbraut 33 |
| Halldór Þ. Birgisson | Marbakkabraut 20 |
| Hanna Styrmsdóttir | Marbakkabraut 38 |
| Helgi Guðmundsson | Melgerði 39 |
| Hjörtur Jóhannsson | Huldubraut 21 |
| Indriði Björnsson | Marbakkabraut 12 |
| Ingi Valur Jóhannsson | Kársnesbraut 9 |
| Jóhannes Helgason | Pinghólsbraut 71 |
| Jón Ægisson | Marbakkabraut 22 |
| Kristín H. Þórarinsdóttir | Borgarholtsbraut 25 |
| Kristín Líndal | Sunnubraut 50 |
| Kristjana Samper | Pinghólsbraut 57 |
| Lilja Einarsdóttir | Kársnesbraut 35 |
| Magnús Magússon | Holtagerði 37 |
| Margrét Rós Einarsdóttir | Hafnarbraut 11 |
| Margrét Örnólfsdóttir | Pinghólsbraut 80 |
| Nanna Pálsdóttir | Pinghólsbraut 78 |
| Oddur Ingólfsson | Pinghólsbraut 80 |
| Ragnheiður Harðardóttir | Kársnesbraut 9 |
| Rebekka Rán Samper | Pinghólsbraut 65 |
| Sandra Baldvinsdóttir | Marbakkabraut 8 |
| Sandra Guðmundsdóttir | Holtagerði 37 |
| Sigrún Gautsdóttir | Hlégerði 29 |
| Sigurveig Sigmundsdóttir | Kársnesbraut 37a |
| Sveinn Guðmundsson | Kársnesbraut 37a |
| Tómas Þorsteinsson | Borgarholtsbraut 25 |
| Vigdís B. Sigurgeirsdóttir | Ásbraut 17 |
| Þórarinn H. Ævarsson | Kársnesbraut 11 |
| Þóunn Elva Halldórsdóttir | Huldubraut 21 |

Þá næst var fjallað um tillögur um samþykktir og gerð sú breyting að í stað endurskoðanda skal standa skoðunarmenn. Samtök um betri byggð á Kársnesi voru því næst stofnuð með samhljóða samþykki stofnfélaga á grundvelli samþykktanna með lófaklappi. Eru drög að samþykktum því eftirleiðis samþykkt lög félagsins.

Fyrirspurn barst utan úr sal þess efnis af hverju ekki væri samvinna um málið með Íbúasamtökunum vesturbæjar Kópavogs og hvers vegna þetta væri ekki unnið með þeim. Arna svaraði því að þeim hafi verið boðið á fundinn en það orlaði fyrir ákveðinni þreytu í þeirra herbúðum að hennar álit og að samtökin

Betri byggð á Kársnesinu vildu keyra þetta mál af stað sem allra fyrst óháð öðrum málum íbúasamtakanna.

Þá var gengið til kjörs trúnaðarmanna á grundvelli samþykktu samþykktanna. Í stjórn voru kjörin: Arna Harðardóttir, Marbakkabraut 22, 200 Kópavogi; Bjarni Bergsson, Kársnesbraut 109, 200 Kópavogi; Þórarinn Ævarsson, Kársnesbraut 22; Rebekka Rán Samper, Þinghólsbraut 65, 200 Kópavogi; Auður Arna Eiríksdóttir, Þinghólsbraut 69, 200 Kópavogjog Hanna Guðrún Styrmisdóttir, Marbakkabraut 38, 200 Kópavogi.

Arna fékk stuðning fundarmanna sem formaður samtakanna en fyrir liggur að kosning formanns er mál stjórnar sem bíður fyrsta stjórnarfundar.

Skoðunarmenn voru kosnir Jóhannes Helgason, Þinghólsbraut 71 og Þórunn Halldórsdóttir, Huldubraut 21.

Önnur mál; Bent var á að búið væri að framleiða 30 borða líka þeim sem Þórarinn hafði sett upp hjá sér og væru nú til sölu hjá honum á kostnaðarverði.

Fundinn skráði Björn Skúlason.

Fundargerð er árituð og staðfest af fundarstjóra fundarins.

Kópavogi, 27. júní 2007